**14. stjórnarfundur EBAK haldinn þ. 6. febrúar 2025 kl. 15:15.**

Mætt voru: Karl Erlendsson, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Brynjólfur Ingvarsson, Margrét Alfreðsdóttir, Margrét Marvinsdóttir og Valgerður Jónsdóttir. Í símasambandi var Björn Snæbjörnsson. Forföll tilkynntu Þóra Hjaltadóttir og Fjóla Sigurðardóttir.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

1. **Aðalfundur EBAK**

Stefnt er á að halda aðalfund félagsins fimmtudaginn 20. mars n.k. kl. 16 í Hofi. Form. mun ganga frá því. Yfirfara þarf lista yfir nefndarfólk og stjórn, Karl Guðmundsson tók það að sér. Uppstillinganefnd hefur hafið störf. Finna þarf fundarstjóra.

Ályktanir verða gerðar m.a. um kjaramál.

2. **Skrifstofa EBAK**

Flutningur/skipti á skrifstofu EBAK er í skoðun hjá formanni og starfsfólki félagsmiðstöðvanna.

3. **ÍBA 55+**

Karl Erlendsson, greindi frá því að starf ÍBA 55+ væri í góðum gangi. Búið er að fá sérfræðinga úr ýmsum stéttum til álitsgjafa, nefna má heilbrigðisstarfsfólk, verkfræðinga og fleiri.

Stjórn EBAK þarf ekki að taka afstöðu um málið fyrr en í vor og þá jafnvel með nýrri stjórn. Öll voru sammála um að þetta væri stórt mál sem verður skoðað í þaula þegar betri mynd verður komin á hugmyndir verkefnisins.

Þetta voru góðar og gagnlegar umræður.

**Önnur mál.**

Heimasíðu þarf að uppfæra og færa inn gögn, ákveðið að tala við Stefnu.

Kennari í pílukasti er fundinn, en aðstaða verður í Birtu til þeirrar iðkunnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16. Valgerður Jónsdóttir ritari.